



Allsherjar- og mentamálanefnd, Alþingis,
Nefndasvið, Austurstræti 8 - 10,
101 Reykjavík.

Reykjavík 1. desember 2020

Umsögn um frumvarp til laga um listamannalaun - 310. mál

Stjórn Bandalags sjálfstæðra leikhúsa (SL) hefur tekið til umfjöllunar stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um listamannalaun nr. 57/2009. Stjórn SL fagnar þessu frumvarpi og styður inntak þess heilshugar, eins og því er lýst í greinargerð. SL hefur um langt árabil beitt sér fyrir aukningu á opinberri fjárveitingu til sjálfstæðs sviðslistafólks. Fjölbreytni og nýsköpun einkennir starf sjálfstæðra sviðslistahópa. Þeir starfa víða um landið, fá ríflega 30% leikhúsáhorfenda og frumsýna um 60% af öllum sviðsverkum á Íslandi en hljóta aðeins 8% af því opinbera fjármagni sem lagt er í sviðslistir í landinu. Því tekur stjórn SL undir með Félagi leikstjóra á Íslandi (FLÍ) og fleirum og bendir á að tímabundin fjölgun mánaðalauna í launasjóðum listamanna og hönnuða leysir ekki þann vanda sem staðið er frammi fyrir við árlega úthlutun listamannalauna. Því telur stjórn SL að fullt tilefni sé til að breytingin verði varanleg, enda hefur fjöldi mánaða staðið í stað frá 2012, ef frá er talin aukaúthlutun vegna Covid-ástandsins á yfirstandandi ári.

Stjórn SL birtir hér tillögu frá stjórn FLÍ og leggur til að gerð verði áætlun um fjölgun mánaða í launasjóðum listamanna til ársins 2025, sem verði sambærileg við hækkunina sem átti sér stað á árabílinu frá 2009 - 2012, þegar mánuðum var fjölgað um 400 á þriggja ára tímabili, (+125 árið 2010, +140 árið 2011 og +135 árið 2012). Það væri að okkar mati hófleg aðgerð, sem framkvæma mætti með eftirfarandi hætti:

2021 verði bætt við 150 mánuðum, úthlutað 2.150 mánuðum, svo sem fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir 2022 verði bætt við 125 mánuðum, úthlutað 2.275 mánuðum
2023 verði bætt við 140 mánuðum, úthlutað 2.415 mánuðum
2024 verði bætt við 135 mánuðum, úthlutað 2.550 mánuðum
2025 verði bætt við 150 mánuðum, úthlutað 2.700 mánuðum

Stjórn SL, eins og stjórn FLÍ, telur þessa hækkun hóflega, í ljósi þess að ef mánuðum hefði verið fjölgað á árabílinu 2012 - 2020 með sambærilegum hætti og árin þrjú þar á undan (um ca 140 mánuði á ári í 8 ár), þá væru mánuðirnir orðnir 2.700, en hafa sem sagt staðið í stað allan þennan tíma, í 1600 mánuðum. Það styður einnig við þessa hugmynd að árlega útskrifast um 100 listamenn frá Listaháskóla Íslands af fimm námsbrautum, tónlist, sviðslist, myndlist arkitektúr og hönnun, og eru þeir þá ótaldir sem útskrifast með gráðu í skapandi skrifum frá Háskóla Íslands auk hinna sem sækja sér menntun eða framhaldsmenntun erlendis og flytja aftur heim að námi loknu.

Þá er ástæða til að benda á að verulega hefur dregið úr árangurshlutfalli sjóðsins, en árið 2010 sóttu 712 listamenn um starfslaun en í síðustu úthlutun, fyrir árið 2020, sóttu 1.543 listamenn um alls 11.176 mánuði í starfslaun. Verði þessi hækkun til frambúðar væri árangurshlutfall sjóðsins engu að síður langt undir árangri hans við setningu laganna 2009.

Þá er einnig fullt tilefni til að ræða upphæð og greiðslufyrirkomulag listamannalauna, en um þessar mundir er mánaðagreiðslan 407.413.- kr., verktakagreiðsla, sem gerir ráð fyrir að dekki 67% starfshlutfall viðkomandi listamanns. Með tilliti til framfærsluviðmiða og menntunarstigs listamanna er núverandi upphæð of lág og sér í lagi þegar litið er til sviðslista þar sem erfitt er að æfa sviðsverk í hlutastarfi. Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) á nú í viðræðum við mennta- og menningarmálaráðuneytið um það mál og vonast er til að þær viðræður skili árangri fljótt og þetta því einungis tekið fram hér til upplýsingar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SL-Bandalags sjálfstæðra leikhúsa
Orri Huginn Ágústsson, formaður

Sjálfstæðu leikhúsin | Tjarnargata 12, 101 Reykjavík | leikhopar@leikhopar.is